



Framtíðarfólk ehf

Starfsáætlun 2025-2026

Ábyrgaraðilar: Guðrún Jóna Thorarensen & Nichole Leigh Mosty
Leikskólinn Áshamar í Hafnafirði

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur.....	3
Um leikskólann	3
Stjórnskipan	3
Skipurit	4
Aðalnámskrá leikskóla.....	4
Einkunnarorð/gildi	4
Megináherslur á skólaárinu	5
Starfsmannastefna.....	5
Þagnarskylda og trúnaður	6
Móttaka nýliða	6
Starfsþróunaráætlun.....	6
Mat á árangri.....	7
Endurmenntun skólaárið 2025 - 2026	7
Starfsþróunarsamtöl	7
Starfsmannafundir	9
Daglegt starf	9
Skóladagatal.....	9
Skipulagsdagar	10
Sumarlokun leikskólans	10
Samstarf.....	10
Samstarf við grunnskóla	10
Samstarf við aðra	10
Foreldraráð	12
Stoðþjónusta.....	12
Áhersla á farsæld, samþætta þjónustu og fjölbreytileika í skólum Hafnarfjarðar	12
Sérkennsla og stuðningur	13
Mat á skólastarfinu	14
Innra mat	14
Ytra mat	15
Nemendur	15
Orðaskil	16
EFI-2 Málþroskaskimun.....	16
Öryggi og velferð	16

Öryggisnefnd	17
Áfallaráð	17
Lokaorð.....	17
Umsögn foreldraráðs	19

Inngangur

Leikskólar á vegum Framtíðarfólks ehf. starfa samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011), lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Markmið okkar er að veita börnum skipulagt og samræmt náms- og leikumhverfi, sem byggir á bæði innlendum og alþjóðlegum stöðlum um gæði, jöfnuð og farsæld barna. Við styðjumst við menntastefnu til ársins 2030, menntastefnu Hafnarfjarðar, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til að innleiða bestu starfsvenjur, styðja við þroska barna og undirbúa þau fyrir framtíðarnám og virka þátttöku í samfélaginu.

Starfsáætlun leikskólans er unnin árlega og kynnir starfsemi skólans, skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar fyrir starfsfólk og foreldra. Þar er fjallað um helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum við grunnskóla, stoðþjónustu og öryggismálum.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 þarf starfsáætlunin að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðslunefnd viðkomandi sveitarfélags tekur hana til afgreiðslu. Umsögn foreldraráðs er að finna aftast í áætluninni sem fylgirit.

Í lok hvers skólaárs gera stjórnendur mat á starfsáætluninni og bera saman árangur við upphafleg markmið. Innra matsskýrslan, sem birt er á heimasíðu leikskólans, gefur innsýn í hvernig til tókst á liðnu skólaári.

Um leikskólann

Leikskólinn Áshamar, sem staðsettur er í Hamranesi í Hafnarfirði er nýr og glæsilegur leikskóli með rekstrarleyfi fyrir 120 börn og skiptist skólinn í þrjú stig: yngsta-, mið- og elsta stig.

Sem nýr leikskóli býður Áshamar upp á framúrskarandi aðstöðu fyrir bæði börn og starfsfólk. Skólinn er staðsettur í fallegur náttúrulegu umhverfi með fjölbreyttu gróðurfari og einstökum jarðfræðilegum sérkennum. Þessi staðsetning veitir dýrmæt tækifæri til útikennslu þar sem börn fá að læra í gegnum upplifanir og reynslu í náttúrunni.


Stjórnskipan

Stjórnendur:

Guðrún Jóna Thorarensen, Framkvæmdastjóri Framtíðarfólk

Nichole Leigh Mosty Fag- og þróunarstjóri

Skipurit



Aðalnámskrá leikskóla

Leikskólar starfa samkvæmt aðalnámskrá leikskóla, sem var endurútgefin árið 2011. Aðalnámskráin er sett fram af mennta- og barnamálaráðuneytinu á sama hátt og reglugerðir og veitir ramma um allt leikskólastarf. Hún kveðjur á um sameiginleg markmið og kröfur sem leikskólar skulur fylgja, bæði hvað varðar nám og leik barna. Hver leikskóli vinnur að skólanámskrá, þar sem sett eru fram sértæk markmið og áherslur sem starfsfólk vinnur eftir. Skólanámskráin er metin og endurskoðuð reglulega til að tryggja að hún styðji við þróun og gæði leikskólastarfsins.

Einkunnarorð/gildi

Framsækni til að tryggja farsæla framtíð fyrir allt okkar fólk teljum við það vera skylda að bjóða fram metnaðarfulla og framfarasinnaða skólaþjónustu, samskipti og menntun.

Velliðan jákvæð hugsun og viðhorf til lífsins og tilverunnar eru grunnurinn að velliðan Heilsa og velliðan eru mikilvægar forsendur lífsgæða. Fjölmargir þættir hafa áhrif til að viðhalda og bæta andlega, líkamlega og félagslega heilsu og velliðan. Framtíðarfólk leggur áherslu á að stuðla að velliðan bæði að einstaklingum sjálfum og þeirra nánasta umhverfi og aðstæðum.

Samvinnu Samvinna snýst um að vera félagslegur. Börn og kennarar vinna saman að því að finna leiðir til að læra og öðlast skilning með viðvarandi sameiginlegri hugsun og aðgerðum. Nám og leikur sem byggist á samvinnu á leikskólaaldri gegnir stóru hlutverki

við að byggja upp samskipta- og félagsfærni barna og veitir börnum tilfinningu fyrir sjálfræði yfir námsferli sínu.

Megináherslur á skólaárinu

Fjölbreytileiki og virðing fyrir þörfum barna: Framtíðarfolk túlkar fjölbreytileiki þannig að hver einstaklingur er einstakur og viðurkennir einstaklings mun okkar. Með því að samþætta fjölbreytileika í kennsluháttum og leikskólastarfi er tryggt að börn fái nám sem mætir þörfum þeirra á einstaklingsbundinn hátt. Þetta felur í sér að börnin fái tækifæri til að læra á sínum forsendum, í umhverfi þar sem virðing fyrir fjölbreytileika er í fyrirrúmi. Leikurinn er sú aðferð sem börn á leikskólaaldri nota til þess að læra um þá menningu og það samfélag sem þau alast upp í. Leikurinn er góð leið til þess að kenna börnum að fjölbreytileikinn sé jákvæður, fólk sé ólíkt en eigi margt sameiginlegt.

Hæglæti í leikskólastarfi: ein af megináherslum leikskólans okkar er hæglæti sem felur í sér að skapa rólegt og yfirvegað umhverfi þar sem börnin fá nægan tíma til að upplifa, kanna og læra á eigin hraða. Í samfélagi þar sem hraði og áreiti eykst stöðugt, teljum við mikilvægt að veita börnum rými til að njóta stundarinnar og dýpka skilning sinn á umhverfin og sjálfum sér. Hæglætisnálgunin stuðlar að vellíðan og dregur úr streitu hjá börnum og starfsfólki. Hún eflir athygli, einbeitingu og sköpunargáfu barna með því að leyfa þeim að njóta leikja og verkefna án þess að vera stöðugt trufluð eða knúin áfram af tímapressu. Róleg og hlýleg stund í góðum félagsskap gefur börnum betri tækifæri til að þróa félagsfærni, tilfinningagreind og sjálfstæði.

Útikennsla: Útikennsla er eitt helsta einkennið í starfi leikskólans Áshamar. Börnin læra í náttúrulegu umhverfi þar sem þau fá tækifæri til að kanna og prófa sig áfram. Þetta nám byggir á því að börn þróa sjálfstæði, sjálfstraust og félagsfærni með því að vera virk úti í náttúrunni. Náttúruleg svæði í kringum leikskólann, svo sem hraunbreiður og fjölbreyttur gróður, verða nýtt til að efla tengsl barna við náttúruna.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefnu Framtíðarfólks er meðal annars ætlað:

- Að tryggja hæfa, áhugasama og trausta starfsmenn.
- Að tryggja góða vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn og leggja kapp á að aðbúnaður, hollustuhættir og starfsaðstæður séu í góðu horfi.
- Að leikskólar á vegum Framtíðarfólks sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla starfsmenn sem fái tækifæri til að eflast í starfi.
- Að gott samstarf og gagnkvæmt traust ríki meðal starfsmanna.
- Að starfsmenn eigi kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og auðveldar þeim að takast á við ný og breytileg viðfangsefni.
- Að starfsmenn séu vel upplýstir um verkefni sín og skyldur og hafi yfirsýn og staðgóða þekkingu á verkefnum.

- Að bæta stöðugu gæði þjónustu og auka traust og jákvæð viðhorf almennings á leikskólastarfi.
- Að stuðla að jafnrétti meðal starfsmanna.
- Að auðvelda starfsmönnum að samræma fjölskylduábyrgð og starf.

Það er á ábyrgð starfsmanna og stjórnenda að vinna að framangreindum markmiðum. Starfsmannastefna Framtíðarfólks nær til þeirra sem starfa hjá Áshamar. Um starfskjör, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, [nr. 94/1986](#) og í samræmi við kjarasamninga sömuleiðis lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, [nr. 46/1980](#). Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018 kveða skýr á um bann við allri mismunun á vinnumarkaði, þ.m.t. banna lögin mismunun á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertar starfsgetur, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Þagnarskylda og trúnaður

Starfsfólk hjá Framtíðarfólki starfar með persónuupplýsingar og ber að virða þagnar- og trúnaðarskyldu sem á þeim hvílir er varðar börn, fjölskyldur þeirra sem og starfsmanna. Starfsfólk skrifar undir trúnaðaryfirlýsingu við upphaf starfs og ber að taka mið af [persónaverndaryfirlýsingu fyrir starfsmenn Framtíðarfólks](#). Einnig er starfsfólk upplýst um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum [90/2018](#) um persónuvernd og vinnslu og persónuupplýsinga og lögum um leikskóla [90/2008](#) nánari 30 gr. a. um vinnslu persónuupplýsinga.

Móttaka nýliða

Með markvissri móttökuáætlun og nýliðafræðslu / þjálfun er leitast við að fræða nýjan starfsmann á markvissan hátt um starfið og vinnustaðinn. Afar mikilvægt er að vandað sé til verka þegar nýr starfsmaður hefur störf hjá okkar í Framtíðarfólki. Við gerum þær kröfur til starfsfólks að það sinni störfum sínum af alúð og heilindum, sýni frumkvæði og þjónustulund og komi ávallt fram af kurteisi og virðingu við samstarfsfólk sitt og aðra sem þeir hafa samskipti við í störfum sínum. Rannsóknir hafa sýnt að markviss þjálfun starfsfólks og vönduð vinnubrögð við móttöku leiða til aukinnar vellíðunnar starfsfólks, hollusta starfsfólks við vinnustaðinn eykst, starfsfólk öðlast fyrr öryggi í starfi og starfsmannavelta minnkar.

Starfsþróunaráætlun

Símenntun starfsfólks er lykill af fagmennsku og framþróun í leikskólanum okkar. Starfsþróun fer ýmist fram á starfsdögum eða að starfsfólki sækir námskeið sem nýtist og eflir þeim í starfi. Það er á ábyrgð vinnuveitanda sem og starfsfólks að gefa tækifæri til endurmenntunar. Starfsfólk er hvatt til að nota þá námsstyrki sem þá hefur hjá sínu stéttarfélagi.

Mat á árangri

Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Ábyrgð starfsfólks felst í að óska eftir skráningu og staðfestingu þegar það getur sýnt fram á að símenntun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af stjórnanda og starfsmanni, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Þá metur leikskólastjóri hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Leikskólastjóri tilkynnir starfsfólki með fyrirvara að það þurfi að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.

Endurmenntun skólaárið 2025 - 2026

Fyrirlestur um útikennslu	Allt starfsfólk / starfsdagur
Málörvun og samskipti	Allt starfsfólk / starfsdagur
Barnavernd og tilkynningarskyldu	Allt starfsfólk
Fræðsla um hæglæti	Allt starfsfólk / starfsdagur
Markviss málörvun og tvítyngi	Allt starfsfólk
Sköpun í leikskóla	Allt starfsfólk sér fræðslufundur
Skipulögð vinnubrögð og hagnýtar aðferðir í leikskólastarfi (dagskipulag og námsmarkmið)	Allt starfsfólk / starfsdagur
Skráning og mat í starfi grunn fræðslu og þjálfun	Allt starfsfólk
Heimsókn í skóla með útikennslu	Farsældarstjóri og leikskólastjóri
Snemmtæk íhlutun í verki, einfalt skimunartæki	Farsældartjóri

Starfsþróunarsamtöl

Framtíðarfolk nota aðferðafræði í mannauðstjórn sem stuðlar að efling starfsfólks og eru snerpusamtöl gagnleg leið. Snerpusamtöl eru þrjú og eru dreifð yfir árið. Aðferðafræðin geri leikskólastjóra kleift skapa betur tengsl og mynda traust við starfsfólk samhliða því að meta frammistöðu og árangur í starfi. Snerpusamtöl ýta undir bætt samskipti á vinnustað og aukna starfsánægju. Eftirfarandi spurningar eru ræddar með starfsmanni og samtöl ættu að standa yfir í um það bil 20 mínútur hverju sinni. Leikskólastjóri heldur utan um skráningar á sérstöku skráningarblaði sem starfsmenn fá afhent í kjölfar

samtalsins til að fylgja sjálfir eftir framvindu og framkvæmd ákvörðunar sem og markmiðum.

Yfirlit umræðuefni og lykilspurningar snerpusamtala

Samtal #1 – Starfsandi

Markmið samtals: Að ræða starfsánægju, starfsanda og samskipti á vinnustað

Lykilspurningar:

- Hvernig myndir þú meta starfsánægju þína?
- Hvernig myndir þú meta starfsandann í þinni deild?
- Hvernig myndir þú meta samskipti í deildinni?

Samtal #2 – Styrkleikar og hæfileikar

Markmið samtals: Að greina styrkleika/hæfileika starfsmanns og finna leiðir til að nýta þá sem best

Lykilspurningar:

- Hverjir eru styrkleikar þínir og hæfileikar?
- Hvernig mætti nýta styrkleikana þína og hæfileika í dag?
- Hvernig mætti nýta þá í framtíðinni?

Samtal #3 – Tækifæri til vaxtar, þjálfun og starfsþróun

Markmið samtals: Að greina tækifæri til vaxtar, veita stuðning og stuðla að vexti

Lykilspurningar:

- Hvernig gætir þú bætt árangur þinn?
- Hvernig get ég hjálpað þér að bæta árngur þinn?
- Hvað nýtt myndir þú vilja læra?
- Hvers konar nám eða þjálfun myndi nýtast þér?

Samtal #4 – Nýsköpun og stöðugar framfarir

Markmið samtals: Að greina tækifæri til að bæta skilvirkni, hagkvæmni og árangur Framtíðarfólks

Lykilspurningar:

- Hvernig gætir þú aukið skilvirkni hjá þér?
- Hvernig gæti teymið aukið skilvirkni sína? (s.s. varðandi bætta þjónustu)
- Hvað gætir þú eða deildin gert til að draga úr kostnað/sóun
- Hvaða leiðir sérð þú til að bæta verklag/ferla
- Hvernig mætti bæta samvinnu hópa/deilda innan fyrirtækisins

Eftirfylgni samtala

Næsta samtal er opnað með upprifjun á fyrra samtali, þannig er eftirfylgni tryggð og er það lykillinn að því að hringrás verður til. Samtalið á undan er gert upp og farið yfir þá þætti sem ræddir voru síðast, hvort eitthvað stendur út af sem þarf að fylgja eftir.

Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru oftast nýttir til undirbúnings starfsins og/eða fræðslu. Starfsmannafundir eru haldnir að minnstu kosti einu sinni í mánuði og eftir þörfum vegna upplýsingamiðlunar. Starfsmannafundir eru haldnir milli kl. 8-10 á virkum dögum og er leikskólinn lokaður á meðan fundirnir fara fram. Samráðs- og teymisfundir eru haldnir innan vinnutíma á virkum dögum.

Daglegt starf

Allt starf leikskólans felur í sér viðamiknið og samþætt nám, hvort sem það eru daglegar venjur, svo sem matartímar og klósettferðir, eða markvisst starf skipulagt af kennurum. Börn uppgötva og læra af öllu sem þau taka sér fyrir hendur bæði í leik sem og daglegu starf inni og úti, með stuðningi og hvatningu hinna fullorðnu og í samvinnu við önnur börn.

Samkvæmt [Aðalnámskrá leikskóla \(2011\)](#) eru grunnþættir menntunar; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun og námssvið leikskóla þessi:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Daglegt starf mótast af þessum námssviðum, en í hverri stund dagsins tvinnast saman mörg námssvið í heildstætt nám.

Á hverjum degi er lagt upp úr að börnin hafi góðan tíma fyrir frjálsan leik, bæði inni og úti. Öll börn fara í hverri viku í tíma í a.m.k. samverustund, kubbaleikur, myndlist/sköpun og íþróttum. Þessa tíma eru þau í litlum hópum undir faglegri handleiðslu. Að auki fara börnin reglulega í vettvangsferðir í nærsamfélaginu, en nærumhverfi leikskólans býður upp á ótal skemmtilegar gönguleiðir.

Skóladagatal

Starfsáætlun nemenda birtist fyrst og fremst í skóladagatali. Skóladagatal er birt á heimasíðu leikskólans að vori – skólastjóri gerir tillögu að skóladagatalinu, ber það undir umsjónakennara og foreldraráði á foreldraráðsfundi áður en það er sent til staðfestingar í fræðslunefnd. Skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.

Skipulagsdagar

Starfs- og námskeiðsdagar leikskólans eru fimm á ári en í ár samþykkti Fjölskyldu, frístund og menningarráði þrjá auka daga til að veita starfsfólki og nýja leikskólastjóri svigrúm til að undirbúa faglegt starfið.

Starfsdagar verða eftirfarandi:

22. ágúst 2025

07. október 2025

14. Nóvember 2025

23. febrúar 2026

07. maí 2026

Sumarlokun leikskólans

Samkvæmt vistunarreglum Hafnafjarðarbæ taka börn sem dvelja í leikskólum í Hafnarfirði að lágmarki fjögurra vikna samfelld sumarleyfi yfir sumarmánuðina. Gjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfa. **Sumarleyfi árið 2025 verður frá 14. Júlí – 5 ágúst 2025.**

Samstarf

Samstarf við grunnskóla

Tilgangurinn með samstarfi milli skólastiga er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Mikilvægt er til að ná þessum markmiðum að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á þessum tveimur skólastigum á starfi og starfsaðstæðum hvers annars. Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytjast á milli skólastiga.

Til þess að ná þessu markmiði er mikilvægt að samræmi sé milli þess sem börn vinna með eða gera í leikskólanum og þess sem unnið er að í grunnskólanum. Ekki er stefnt að því að allt eigi að vera eins á skólastigunum heldur að mismunurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki óöryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra.

Samstarf við aðra

Framtíðarfolk nýtir tengslanet við fagfólk á sviði leikskóla og leikskólafræði víða um heim til að koma af stað samstarfi og þróunarverkefnum í þágu lærdómssamfélags í leikskólanum okkar. Vettvangur til samstarfs á borð við Erasmus+, Nordplús og E-twinning - rafrænt skólasamstarf veitir skólum okkar tækifæri til að öðlast reynslu af alþjóðlegu samstarfi og efla hæfni hjá kennurum okkar með því að; vinna með öðrum

skólum eða samstarfsaðilum í Evrópu og skiptast á reynslu og góðum vinnubrögðum í kennslu og vinna að innleiðingu eða þróun nýjunga í skólastarfi

Samstarf í nærsamfélag

Samfélagið í heild, þ.m.t. aðrir skólar, menningarstofnanir, íþróttafélög og önnur þjónustutengd fyrirtæki, gegnir mikilvægu hlutverki í að styðja við uppbyggingu leikskólans. Þetta samstarf mun hjálpa til við að skapa tengsl við nærsamfélagið og gera það kleift að koma til móts við þarfir barna og fjölskyldna þeirra á fjölbreyttan hátt.

- Heimsóknir og þátttaka í samfélagsverkefnum: Börnin munu reglulega taka þátt í vettvangsferðum í nærsamfélaginu, hvort sem það er heimsókn í nærliggjandi skóla, gróðurverkefni eða viðburði sem haldnir eru í tengslum við samfélagsverkefni. Með þessum heimsóknum fá börnin tækifæri til að kynnst samfélaginu sem þau eru hluti af og þróa tilfinningu fyrir félagslegum tengslum og ábyrgð.
- Samvinna við menningar- og náttúrustofnanir: Samstarf við menningarstofnanir og náttúrufræðingar verður nýtt til að skapa menntandi upplifanir fyrir börnin, eins og t.d. samstarfsverkefni við safn, bókasöfn eða náttúrufræðingar sem geta leitt fræðslu um umhverfið og sögu staðarins.
- Stuðningur við fjölskyldur í samstarfi við þjónustuaðila: Til að tryggja alhliða vellíðan barna verður leikskólinn einnig í samstarfi við þjónustuaðila sem bjóða upp á félagslega, heilsutengda og faglega ráðgjöf. Þessi stuðningur er sérstaklega mikilvægur fyrir fjölskyldur sem þurfa á aukinni þjónustu að halda, og verður þetta samstarf unnið í nánú samráði við þjónustukerfi sveitarfélagsins

Foreldrasamstarf

Samvinna við foreldra er grunnur að góðum samskiptum og tryggir að leikskólinn geti þjónað þörfum hvers barns. Þessi samvinna byggir á opnum samskiptum, virðingu og trausti. Leikskólinn mun leggja áherslu á að foreldrar séu virkir þátttakendur í daglegu lífi barna sinna á leikskólanum með eftirfarandi aðferðum:

- **Regluleg samskipti og upplýsingaflæði:** Með notkun tölvupósts, upplýsingakerfa leikskólans og foreldrafunda verður tryggt að foreldrar fái upplýsingar um framvindu, námsmarkmið og viðburði leikskólans. Einnig verða haldnir foreldrafundir þar sem foreldrar fá innsýn í þróun námsumhverfisins og tækifæri til að hafa áhrif á stefnu skólans.

Foreldraviðtöl og ráðgjöf: Leikskólinn mun einnig bjóða upp á regluleg foreldraviðtöl þar sem foreldrar fá tækifæri til að ræða þroska barna sinna og fá ráðgjöf um hvernig þau geti stutt við nám barna heima

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 skal vera starfandi foreldraráð, sjá nánar á [heimasíðu](#).

Foreldraráð á Áshamar 2025 - 2026 verður kosið haust 2025.

Stoðþjónusta

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis mennta- og lýðheilsuviðs Hafnarfjarðarbæ. Þar hefur leikskólinn aðgang að leikskólaráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og annarri aðstoð sem á þarf að halda. Leikskólaráðgjafi veitir ráðgjöf til leikskólastjóra, leikskólakennara og annars starfsfólks leikskólans, bæði í um inntak og skipulag í þeim tilgangi að efla skólann í starfi. Leikskólaráðgjafi veitir ráðgjöf og stuðning í varðandi líðan, náms – og þroskastöðu, félagsfærni og hegðun. Einnig situr hann í teyrum um málefni einstaklinga og aðstoðar við gerð einstaklingsnámskráa barna með sérþarfir, eftir óskum þar um. Verkferlar um skólaþjónusta má finna hér: <https://hafnarfjordur.is/thjonusta/skolar-og-born/leikskolar/stodthjonusta/>

Áhersla á farsæld, samþætta þjónustu og fjölbreytileika í skólum Hafnarfjarðar

Í leikskólum Hafnarfjarðar er mikil áhersla lögð á farsæld barna, samþætta þjónustu, fjölbreytileika, sköpun og samvinnu. Þessi nálgun miðar að því að styðja við alhliða þroska barna og stuðla að heildstæðu námi og velferð. Áherslan á farsæld, samþætta þjónustu, fjölbreytileika, sköpun og samvinnu mun tryggja að leikskólinn Áshamar verði staður þar sem börn fá tækifæri til að þroskast á fjölbreyttan hátt, bæði námslega og félagslega.

- **Farsæld barna:** Farsæld barna er eitt af meginmarkmiðum skólanna í Hafnarfirði, þar sem lögð er áhersla á að börnin njóti vellíðunar, öryggis og stuðnings í leik og námi. Með því að leggja áherslu á andlega og líkamlega vellíðan, er stuðlað að heilbrigðum þroska og jákvæðum samskiptum. Þetta þýðir að leikskólinn Áshamar mun skapa umhverfi þar sem börnin upplifa öryggi, gleði og jákvæð tengsl við aðra.
- **Samþætt þjónusta:** Samþætt þjónusta felur í sér að vinnubrögð allra þeirra sem koma að velferð barna, þ.m.t. leikskólakennara, sérfræðingar, ráðgjafa og heilbrigðisstarfsfólk, eru samtvinnuð í eina heild. Með samþættingu þjónustu er tryggt að börnin fái þá stuðningsþjónustu sem þau þurfa, hvort sem það er í formi náms- eða félagslegrar ráðgjafar, eða heilsutengdra úrræða. Þetta samstarf tryggir að fjölskyldur fái heildstæða og samræmda þjónustu til að styðja við þroska barna sinna.
- **Fjölbreytileiki:** Í leikskólum Hafnarfjarðar er lögð áhersla á að mæta þörfum allra

barna óháð uppruna, færni eða menningu þeirra. Með því að samþætta fjölbreytileika í kennsluháttum og leikskólastarfi er tryggt að börn fái nám sem mætir þörfum þeirra á einstaklingsbundinn hátt. Þetta felur í sér að börnin fái tækifæri til að læra á sínum forsendum, í umhverfi þar sem virðing fyrir fjölbreytileika er í fyrirrúmi.

- **Sköpun:** Leikskólinn Áshamar mun leggja áherslu á skapandi nálgun í námi, þar sem börnin fá tækifæri til að þróa hugmyndaflug sitt og sköpunargáfu í gegnum frjálsan leik, listsköpun og verkefni tengd náttúrunni. Með því að nýta náttúrulega umgjörð Áshamars, þar sem börnin geta notað náttúruleg efni í leik og verkefni, er lögð áhersla á að efla sköpunargleði þeirra og frumkvæði.
- **Samvinna:** Samvinna er grunnurinn að því að börn þrói með sér félagsfærni, virðingu fyrir öðrum og hæfni til að vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Í Áshamri verður lögð sérstök áhersla á samvinnu bæði á milli barna og starfsfólks, en einnig á milli leikskólans, foreldra og samfélagsins. Með samvinnu í daglegu leikskólastarfi og verkefnum, læra börn að virða fjölbreytileika og þróa félagslega ábyrgð.

Sérkennsla og stuðningur

Leikskóli er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskóla eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskóla er það tallinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Markmiðið með sérkennslu í leikskólum er að:

- Tryggja að börn með þroskaraskanir, tilfinninga og eða félagslega erfiðleika fái notið leikskóladvalar sinnar.
- Skapa aðstöðu til að þau geti þroskast sem best í leikskólanum.
- Kennslan skal taka mið af þörfum hvers barns og á að vera í nánú samráði við foreldra.

Börn í leikskólum læra mest og best í leik með öðrum börnum undir handleiðslu leikskólakennara. Það á ekki síður við um þau börn sem hér um ræðir en önnur. Sérkennsla og markviss málörvun fara því að 1 jafnaði fram í barnahópnum þar sem félagsleg samskipti barnanna eru talinn mikilvægur þáttur í sérkennslunni. alinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Á leikskólar á vegum Framtíðarfólks er unnið er samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar þar sem lögð er áhersla á að unnið sé markvisst eftir viðurkenndum aðferðum til þess að hægt sé að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barna eins snemma og unnt er. Megináherslupættir snemmtækrar íhlutunar eru:

- Að íhlutun hefjist sem fyrst.
- Að áhersla sé lögð á samvinnu við foreldra barnsins.
- Að aðilar sem vinna með barninu hafi fagþekkingu á eðli þroskafrávika með þeim aðferðum sem notaðar eru.

- Að íhlutun fari fram við þær aðstæður sem árangursríkastar eru fyrir hvert barn.
- Að áhersla sé lögð á þverfaglega nálgun og samvinnu milli stofnana/sérfræðinga.

Fjölbreytileiki og inngilding eru höfð að leiðarljósi í starfinu hjá Framtíðarfólki. Við eins og öðrum leikskólum eru með ákveðið hlutfall barna og starfsfólks með erlendan bakgrunn sem tala fleiri tungumál en íslensku. Málaumhverfið er því fjölbreytt og stundum flókið er varða lagalegar skyldur leikskólans um að stuðla að ræktun íslenskrar tungu. Markmið með markvissri málörvun barna á leikskólaaldri er að veita þeim næg tækifæri til að þjálfra og efla skilning sinn og tjáningarfærni í íslensku. Börnum, sem alast upp við annað eða önnur tungumál á heimili sínu en íslensku, á að standa til boða sömu tækifæri í námi og leik og börnum sem eiga íslensku sem móðurmál. Börn á leikskólaaldri eru á máltökuskeiði og geta náð góðri færni í íslensku með réttum stuðningi og réttri málörvun.

Farsældarstjóri ásamt leikskólastjóra ber ábyrgð á því að tryggja að starfsfólk leikskólans sé upplýst um og noti viðeigandi aðferðir í málörvun og málrækt íslenskrar tungu í starfi og leik með börnum. Nota skal markvissar leiðir í að meta framfarir í máltöku, þ.m.t. [Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla \(2021\)](#). Þeim er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku.

Mat á skólastarfinu

Mati á skólastarfi er almennt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efla skólaþróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Sjá nánar [Lög um leikskóla; VII. kafli. Mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs](#).

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt lögum um leikskóla að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat

Skólaárið 2025-2026 verður lögð rækt á þróun langtímaáætlun vegna innra mati skólans, skipuð verður matsteymi haust 2025 og gerð drög að ársáætlun innra mats fyrir skólaárið 2025-2026. Vor 2026 heldur vinna við þróun innra mats áfram, matsteymi fundar reglulega samkvæmt áætlun, unnið samkvæmt langtíma- og ársáætlun innra mats. Unnir

verða gátlistar (gæðaviðmið) um gæði leikskólastarfs byggðir á ítarleg gæðaviðmiðum Reykjavíkurborgar og leiðbeiningar um innra mat leikskóla á vegum mennta og barnamálaráðuneyti.

Gæðaviðmiðin verða innleidd á næstu árum og hefst vinnan á innleiðingu gæðaviðmiða í flokknum “innra mat”.

Gæðaviðmið leikskólastarf eru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- Stjórnun
- Uppeldis- og menntastarf
- Leikskólabragur
- Foreldrasamstarf
- Innra mat

Gæðaráðið sér um skipulag innra matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur. Þær umbætur sem skólinn fer í á skólaárinu 2025 - 2026 má finna í skýrslu gæðaráðs frá síðasta skólaári.

Það er metnaðarmál okkar að allir þættir innra mats taki mið af skýrum gæðaviðmiðum gildandi menntastefnu hverju sinni sem og stefnu sveitarfélagsins. Innra mat er samofið öllu skólastarfi og stöðugt til umfjöllunar í öllu starfi skólans. Kennarar, nemendur, foreldrar og fræðsluyfirvöld eru meðvitaðir um með hvaða hætti skólastarfið miðar stöðugt að því að uppfylla eigin gæðaviðmið.

Í langtímaáætlun innra mats til fjögurra ára kemur fram hvað og hvenær á að meta þætti, hvert er viðmiðið og með hvaða hætti og hverjir taka þátt í matinu. Einnig kemur fram hver á að sjá um matið. Samantekt mats hvers skólaárs er tekið saman í innra matsskýrslu með umbótaáætlun, taldir eru fram styrkleikar þ.e. hvernig gekk að ná markmiðum og hvað má helst bæta. Áætlanir innra mats, innra matsskýrsla og umbótaáætlun eru teknar fyrir í foreldraráði, á starfsmannafundum og í fræðsluráði. Áætlanir og skýrslur veða birtar á heimasíðu skólans.

Ytra mat

Miðstöð menntunar og skólapjónustu hefur umsjón með ytra mati á leik- grunn- og framhaldsskólum fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Er það gert með skoðun á fyrirbyggjandi gögnum um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknum matsaðila og viðtölum við börn/nemendur, starfsfólk skóla og foreldra

Nemendur

Ýmsar aðferðir eru notaðar hjá Framtíðarfólki til að meta nám barnanna:

Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 3 ára sem foreldrar fylla út. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða og færni ungra barna á beygingarkerfi og setningagerð málsins.

EFI-2 Málþroskaskimun

EFI-2 málþroskaskimun metur málskilning og tjáningarfærni barna. EFI-2 er lagt fyrir öll börn á fjórða aldursári en svör barns gefur vísbendingu um hvar það er stadd í málþroskaferlinu. Tilgangurinn er að meta þörf barna fyrir stuðning í málþroskaferlinu. EFI-2 skimunin er notuð til að kanna færni í málþroska bæði á íslensku og á móðurmáli hjá fjöltyngdum börnum.

Leikskólaráðgjafar á hverju stigi halda utan um fyrirlögn skimana.

Hljóm-2 er lagt fyrir alla nemendur að hausti á lokaári leikskólagöngu og endurtekið ef þörf er á í febrúar.

Þroskalistar eru fylltir út fyrir hvert barn árlega og farið yfir þá með foreldrum í foreldrasamtölum.

Aðrar skimanir eru lagðar fyrir í samvinnu við foreldra vegna einstakra nemenda ef áhyggjur vakna af þroskaframvindu þeirra.

Matstæki	Hvers konar	Hve oft	Áherslupættir	Hver leggur fyrir
Íslenski smábarnalistinn 15-38 mánaða	Stöðupróf	Ef þarf	Hreyfiþroski, vitsmunaproski málþroski	Móðir barns svarar listanum. Kennari með réttindi les úr honum.
Íslenski þroskalistinn 3-6 ára	Stöðupróf	Ef þarf	Hreyfiþroski, vitsmunaproski málþroski	Móðir barns svarar listanum. Kennari með réttindi les úr honum.
Aldursviðmiðaðir þroskalistar	Stöðupróf	Árlega	Allir þroskættir	Starfsfólk deildirnar í samráði við Sérkennslustjóri
AEPS Matskerfi	Færnimatslisti	Ef þess þarf	Notast við gerð einstaklingsnámskrár	Sérkennslustjóri og foreldra

Öryggi og velferð

Leikskólinn leggur áherslu á forvarnir og öryggi allra innan sem utan leikskólans og styðst við þann ramma og efnivið sem birtist í [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#) frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Handbók um öryggi og heilsu starfsfólks sem fjallar um vinnuverndarstarf, vinnuaðstæður og félagslega þætti, efnislega þætti, líkamsbeitingu og annað það er máli skiptir varðandi vinnuvernd. [Hægt er að nálgast handbókin hér.](#)

Heildstæð öryggisáætlun fyrir nemendur og starfsfólk verður unnin þegar nýtt húsnæði verður tekið í notkun og verður tilbúin fyrir skólaárið 2025-2026.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsmanna og er í samstarfi við Vinnueftirlitið og Heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja leikskólastjóri og einn starfsmaður.

Daglega er farið yfir leiksvæði barnanna úti og kannað hvort allt sé í lagi. Nokkrum sinnum á ári eru brunabjöllurnar settar af stað og börnin læra að fara að næstu merktu útgönguleið og starfsfólkið æfist í að fara eftir brunaáætlun leikskólans.

Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf úti eða inni um leið og það verður þess vart.

Öryggisnefnd bregst við eins fljótt og mögulegt er og hefur samband við þá aðila sem sjá um úrbætur.

Starfsfólk skráir slys á slysaskýrslur sem eru geymdar í læstum skjalaskáp leikskólans.

Slökkvilið Hafnafirði og Heilbrigðiseftirlitið gera úttekt á aðbúnaði einu sinni á ári. Auk þess eru öryggislýsingar og slökkvitæki yfirfarin einu sinni á ári. Framkvæmdastjóri og fulltrúi sveitarfélags fá niðurstöður úttekta og bregðast við eftir því sem þurfa þykir.

Áfallaráð

Hjá Framtíðarfólki er starfandi áfallaráð og í því sitja leikskólastjóri, fulltrúi frá faghópi leikskólans og tveir kennarar. Þar er unnið eftir áfallaáætlun leikskólans sem er í endurskoðun og verður birt væntanleg haust 2025.

Lokaorð

Það er tilhlökkun hjá stjórnendum og starfsfólki Framtíðarfólks ehf að takast á við það gefandi verkefni að skapa leikskóla fyrir börn á Áshömrum sem mun leggja áherslu á flæði, útikennslu og hæglæti.

Framtíðarfólk , 05.03. 2025

Framkvæmdastjóri, Guðrún Jóna Thorarensen

Nichole Leigh Mosty, fag- og þróunarstjóri

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráðs leikskólans skipa:

- ❖ x
- ❖ x
- ❖ x
- ❖ x

Hlutverk foreldraráðs Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla, nr. 90/ 2008, er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. sömu laga, um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Gátlisti:

A. Kemur fram með fullnægjandi hætti	B. Kemur fram með ófullkomnum hætti	C. Kemur ekki fram
--------------------------------------	-------------------------------------	--------------------

Koma fram upplýsingar um barnahópinn þ.e. áætlun um fjölda barna?	-
Koma fram upplýsingar um fjölda starfsmanna og stöðugilda?	-
Kemur fram með skýrum hætti upplýsingar um símenntunaráætlun / starfsþróunaráætlun leikskólans?	-
Kemur fram stefna skólans ásamt áherslum og markmiðum komandi árs?	-
Kemur fram hvaða þætti skal meta komandi skólaár og hvaða umbótaferli verða unnin eftir fyrirbyggjandi mat	-
Koma fram skýrar upplýsingar um foreldraráð, áætlaða foreldrafundi og foreldraviðtöl?	-
Kemur fram með skýrum hætti hvernig leikskólinn hyggst vinna að samstarfi við grenndarsamfélagið s.s. grunnskóla?	-
Kemur fram með skýrum hætti hvernig samstarfi er háttað við stoðþjónustukerfi bæjarins?	-
Skóladagatal?	-